

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 269/2012**

2013/EES/20/27

frá 26. mars 2012

um leyfi fyrir tvíkoparklóriðtríhýdroxíði sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir tvíkoparklóriðtríhýdroxíði. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir tvíkoparklóriðtríhýdroxíði, í aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“, sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 6. september 2011⁽²⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi tvíkoparklóriðtríhýdroxíð ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið

og að notkun þess geti talist áhrifaríkur gjafi kopars fyrir allar dýrategundir. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðurukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á tvíkoparklóriðtríhýdroxíði sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“ og virka hópnun „snefilefnasambönd“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 89, 27.3.2012, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2355.

VIÐBAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnafórmula, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Cu) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakaainihaldi			
3b409	—	Tvíkópar- klóríðrí- hýdroxíð	<p>Lýsing á eiginleikum aukefnisins:</p> <p>Efnafórmula: $Cu_2(OH)_2Cl$</p> <p>CAS-númer 1332-65-6</p> <p>Atakamit/paratakamít í kristölluðu formi í hlutfallinu 1:1 til 1:1,5</p> <p>Hreinleiki: að lágmarki 90%</p> <p>Alfa-kristall: að lágmarki 95% í kristallaðri framleiðslu</p> <p>Koparinnihald: að lágmarki 53%</p> <p>Agnir < 50 µm: undir 1%</p> <p><i>Greiningaraðferð⁽¹⁾:</i></p> <p>Samgreining á tvíkoparíðríhýdroxíðatakamítí/paratakamítí í kristölluðu formi í fóduraukefninu: Röntenggreining (XRD).</p> <p>Ákvörðun á heildarinnihaldi kopars í aukefninu og forblöndum:</p> <ul style="list-style-type: none"> — EN 15510: Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eða — CEN/TS 15621: Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) eftir leysingu undir þrýstingi (e. <i>pressure digestion</i>). <p>Ákvörðun á heildarinnihaldi kopars í fódurefnum og fódurblöndum:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Frumeindagleypmæling (AAS) eða — EN 15510 eða — CEN/TS 15621. 	Allar dýrategundir	—	—	<p>Nautgripir</p> <ul style="list-style-type: none"> — Nautgripir áður en jörtur hefst: 15 (samtals) — Aðrir nautgripir: 35 (samtals) <p>Sauðfé: 15 (samtals)</p> <p>Smágrísir, allt að 12 vikum: 170 (samtals)</p> <p>Krabbadýr: 50 (samtals)</p> <p>Önnur dýr: 25 (samtals)</p>	<p>1. Aukefnið skal vera í forblöndu þegar það er notað í fódur.</p> <p>2. Til að tryggja öryggi notenda skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.</p> <p>3. Eftirfarandi orð skulu koma fram á merkimiðanum:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Fyrir fódur handa sauðfé ef styrkur kopars í fódurinu fer yfir 10 mg/kg: „Styrkur kopars í þessu fódri kann að valda eitrun í sumu sauðfjárkyni.“ — Fyrir fódur handa nautgripum efnir að jörtur hefst, ef styrkur kopars í fódurinu er minni en 20 mg/kg: „Styrkur kopars í þessu fódri kann að valda koparskortri í nautgripum sem eru hafðir í bithögum með miklu magni mólýbdens eða brennisteins.“ 	16. apríl 2022

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fíamlegar á eftirfarandi slóð tilvissunnarannsóknarstofunnar: http://irrmn.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx